



Landssamband æskulýðsfélaga

1. fundur framkvæmdastjórnar 2009 – 2010

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

11. júní 2009

Mættir: Unnur Hjálmarsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Arnþór Gíslason (AG). Auk þess sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri

Fundur settur: 19:10

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Stjórnarmenn kynntir

Þar sem þetta var fyrsti fundur nýrrar stjórnar kynntu stjórnarmenn sig.

2. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt án athugasemda

3. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að Martin Uthaug sjálfboðaliðið okkar hafi fengið vinnu og því væri staða hans breytt. HTF mun funda með MU eftir helgi til að ákveða framhaldið. Hann er áhugasamur um að halda áfram ef hann hefur tök á.

HTF sagði frá því að skrifstofa félagsins hefði flutt síðast liðin mánudag í þá skrifstofu sem fundurinn er haldin í. LÆF deilir nú skrifstofu með Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF). Örlítill hagræðing er í þessu fyrir LÆF en raunleiga lækkar örlítið auk þess skapa flutningarnir félagsskap fyrir starfsmenn LÆF og SÍF.

HTF sagði frá því að hún hefði fyrir hönd félagsins gert fyrirtækjasamning við Icelandair. Í honum fellst örlítill afsláttur af flugfargjöldum sem er endurgreiddur á 3 mánaða fresti, fastur tengiliður innan Icelandair og aðgangur að yfirliti yfir allar flugferðir bókaðar hjá félaginu.

HTF greindi frá því að stjórnin hefði sett sér fundarsköp á síðasta ári. Ákveðið HTF sendi nýjum stjórnarmönnum fundarsköpin þeim til upplýsinga.

HTF sagði frá starfskjörum sínum hjá félaginu til upplýsinga fyrir nýja stjórnarmenn.

4. Umsókn í fjárlaganefnd

HTF lagði fram tillögu að umsókn til fjárlaganefndar. Umsóknin inniheldur, formlega umsókn, bréf til fjárlaganefndar, rekstraráætlun fyrir árið 2010, framkvæmdaáætlun fyrir árið 2010, greinargerð um ráðstöfun styrkjar frá fjárlaganefnd á árinu 2009 auk ársreikninga félagsins árið 2008. HTF fór yfir gögnin og voru þau samþykkt. HTF mun skila umsókninni inn fyrir hönd félagsins.

5. Stefna LÆF

HTF sagi frá því að rætt hefði verið í fyrri stjórn að setja stefnu fyrir félagið. UH lagði til að stjórnin héldi vinnudag þar sem farið yrði ýtarlega í þetta mál auk þess að fara rækilega yfir öll verkefni félagsins. SSE lagði til að fyrir slíkan fund væri stjórnin búin að henda á milli sín hugmyndum í tölvupósti svo ekki þyrfti að byrja allveg með autt blað á vinnudegi. SSE fjallaði einnig um að LÆF ætti að leggja línur um stefnu í æskulýðsmálum almennt. Ákveðið að UH skipulegði vinnudaginn.

6. Staða félagsins

HTF sagði frá því að peningaleg staða félagsins væri nokkuð góð. Bæði hefði skapast nokkur gengishagnaður auk þess að nokkrir liðir væru enn undir áætlun. Þetta skapar svigrúm til að vinna að verkefnum.

SSE fjallaði um kynningarmál félagsins og lagði til að LÆF yrði með uppákomu á menningarnótt. Ræddar voru hugmyndir að þessu. Auk þess var rætt vítt og breytt um stöðu félagsins, kynningu á því og fleira. Ákveðið að HTF setti sig í samband við Reykjavíkurborg og kannaði hvort LÆF gæti fengið að hafa uppákomu á menningarnótt.

SSE fjallaði um mikilvægi þess a auka tengsl við aðildarfélögin og félagið ætti að huga að því að skilgreina fyrir sjálfst sig hvað eru æskulýðsfélög.

7. Gjaldkeri og varamenn

HTF sagði frá því að áhugasamur einstaklingur væri til í að taka við gjaldkerastöðunni í stjórn félagsins. Sú heitir Auður Geirsdóttir (AuG) nemi í HR. Hún myndi sitja í stjórn fyrir hönd BÍSN. BÍSN hefur þegar gefið samþykki sitt fyrir því. Samþykkt að bjóða AuG gjaldkerastöðuna.

Rætt um hugsanlega kandítata í varastjórn. Stjórn mun vinna að því að finna fólk.

HTF sagði frá því að enn vantaði talsvert af fulltrúum í fulltrúaráð. Ákveðið að stjórnarmenn finndu fulltrúa fyrir sín aðildarfélög og að HTF myndi hringja út í restina af félögunum.

8. Alþjóðamál

HTF sagði stuttlega frá því hvernig staðið hefði verið að alþjóðamálum hingað til. Nokkuð var rætt um hvernig ætti að setja alþjóðamálin í farveg. SSE lagði til að allir sem færu út á vegum félagsins væru skyldaðir til að skila inn skýrslu. Það var samþykkt. Umræður um þetta verða teknar upp á vinnudegi og í stefnumörkun fyrir félagið.

HTF sagði frá því að Margrét Inga Guðmundsdóttir myndi sækja námskeið í PressComunication hjá YFJ í júní. Hún hefur þegar fundað með framkvæmdastjóra og mun skila skýrslu að ferð lokinni. HTF sagði einnig frá því að URKÍ-R hafi sent fulltrúa á Euro-African training course sem Evrópuráðið stendur fyrir þessa dagana á Grænhöfðaejum. Auglýsingin um námskeiðið kom frá LÆF.

UH sagði frá ferð sinni á Ungmennaráðstefnu tékknesku formennskunar í Prag fyrstu dagana í júní. Fjallað var um nýja hvítbók Evrópusambandsins um æskulýðsmál. UH var nokkuð ánægð með fundinn og mun skila skýrslu um ferðina.

9. Bréf sem hafa borist og þarfnast afgreiðslu

HTF sagði frá því að loksins hefðu borist svör frá æskulýðssjóði um styrki sem félagið sótti um fyrir umsóknarfrestinn 1. febrúar s.l. Félagið fékk ekki styrk að þessu sinni.

10. Fundartími stjórnar

Ákveðið var að fundartímar stjórnar yrðu óreglulegir í sumar en þegar nær drægi hausti myndi stjórn festa sér fundartíma. Ákveðið var að næsti fundur yrði haldin 22. júní n.k. kl. 17:00.

11. Önnur mál

Enginn önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 20.48.

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri.